

Kópavogur 30. mars 2020

### **Mat á stuðningsþörf fullorðinna**

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins annast framkvæmd Mats á stuðningsþörf fullorðinna (Supports Intensity Scale Adult's Version, SIS-A). Matskerfið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem fatlað fólk þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið sem nær til fólks frá 18 ára aldri metur stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu, í samanburði við aðra, bæði fatlaða og ófatlaða.

Þjónustunotandi sem er þátttakandi í SIS mati skal upplýstur af þjónustuveitendum um tilgang matsins og fyrirkomulag. Fylla þarf út samþykkisyfirlýsingu og heimild til upplýsingaöflunar áður en matið fer fram.

Matið fer þannig fram að sérþjálfaður SIS-matsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar kemur í heimabyggð þátttakanda og framkvæmir matið þar með viðtali/viðtölum og í einhverjum tilvikum heimsókn til þátttakanda.

Matsmaður hittir þátttakanda, starfsmann/starfsmenn og aðra þá sem hann velur til þess að veita upplýsingar um stuðningsþarfir sínar. Að minnsta kosti einn starfsmaður þarf að hafa fagmenntun eða vera fulltrúi þeirra sem ber ábyrgð á þjónustu við þátttakanda.

Starfsmaður/viðmælandi þarf að þekkja þátttakanda vel, hafa umgengist hann reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum viðkomandi a.m.k. undanfarna þrjá mánuði, þekkja til stuðningsþarfa á heimili, í tómstundum og á vinnustað. Einnig að þekkja til lyfjatöku, sjúkdóma og meðferð þeirra.

Lögð er áhersla á að þátttakendur séu með í viðtölum þar sem því verður við komið. Ef ekki, þá má hafa tvískipt viðtal sjá tillögur að útfærslu fyrir neðan. Hvert matsviðtal tekur að lágmarki um 2 klst.

Tillaga 1	Tillaga 2	Tillaga 3	Tillaga 4	Tillaga 5
Viðtal við þátttakanda og starfsmenn saman	Viðtal við þátttakanda.	Viðtal við starfsmenn	Heimsókn til þátttakanda	Viðtal við starfsmenn
	Viðtal við starfsmenn	Viðtal við þátttakanda	Viðtal við starfsmenn	Heimsókn til þátttakanda


Þátttakandi getur valið að hafa með sér ættingja eða vini hvort sem er í viðtali eða ef þátttakandi óskar eftir að fá heimsókn á heimili sitt.

Starfsmaður sveitarfélags sér um undirbúning og skipulagningu matsins m.a. að útvega matsmanni fundarherbergi og upplýsingar sem liggja fyrir um þátttakanda, gott er að matsmaður hitti skipuleggjanda þjónustu áður en viðtalið fer fram. Matsmaður þarf að hafa fundarborð við vinnu sína ef þess er nokkur kostur.

Niðurstöður eru varðveittar í gagnagrunni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.

Ópersónugreinanlegar upplýsingar eru sendar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eru nýttar til ákvörðunar um fjárframlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðs fólks.

Ítarlegar niðurstöður eru sendar til starfsmanns sveitarfélagsins sem sér um málefni fatlaðs fólks. Hann ber ábyrgð á að kynna þær fyrir þátttakanda/talsmanni og öðrum sem sjá um að veita þjónustu. Niðurstöðurnar geta þjónustuveitendur nýtt við gerð einstaklingsáætlunar um stuðning til hagsbóta fyrir þátttakanda.



**Guðný Stefánsdóttir**

Proskafjálfi MA og sviðsstjóri  
Mat á stuðningsþörf

**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**  
**State Diagnostic and Counselling Centre**